

Eftirlitsnefnd með
fjármálum sveitarfélaga

EFS

Til sveitarstjórna

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti
Sölvhólgötu 7, 150 Reykjavík

Reykjavík 10. febrúar 2020

Tilv.: SRN20010024/4.11.1

Efni: Almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur. Fjárfesting og eftirlit með framvindu á árinu 2019.

Vísað er í bréf eftirlitsnefndarinnar þann 18. mars 2019 þar sem fjallað var um fjárfestingu og eftirlit með framvindu á árinu 2019.

Í sveitarstjórnarlögum er fjallað um hlutverk eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Í 79. gr. laganna segir að nefndin skuli fylgjast með fjármálum, þ.m.t. reikningsskilum og fjárhagsáætlunum sveitarfélaga, og bera þau saman við viðmiðanir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim. Jafnframt segir að eftirlitsnefndin skuli hafa almennt eftirlit með því að fjármál og fjármálastjórn sveitarfélaga séu í samræmi við lög og reglur.

Með hliðsjón af hlutverki eftirlitsnefndarinnar ákvað nefndin að taka til umfjöllunar með hvaða hætti sveitarfélög stæðu að eftirliti og framkvæmd fjárfestinga á árinu 2019.

Við fjárhagsáætlunargerð sveitarfélaga liggur fyrir sundurliðuð áætlun um einstök verkefni sem flokkast í reikningsskilum þeirra sem fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum. Vegna þessa óskar eftirlitsnefndin eftir nánari upplýsingum um framgang þessara verkefna með samanburði við fjárhagsáætlun ársins 2019 með viðaukum og kanna hvernig til hefur tekist að fara að ákvæðum 63. gr. sveitarstjórnarlaga um bindandi ákvæði ákvörðunar um fjárhagsáætlun ársins og gerð viðauka.

Óskað er eftir yfirliti um stöðu einstaka verkefna í árslok 2019 (hlutfallsleg staða gagnvart verkáætlun), samanlagðan útlagðan kostnað, gildandi fjárheimild og breytingar á henni á árinu 2019. Jafnframt er óskað eftir mati á stöðu verkefnis, bæði lokið og áætlað ólokið, gagnvart gildandi fjárheimild. Óskað er eftir upplýsingum um verkefni sem unnið var að á árinu 2019, hvort sem þau áttu upphaf á árinu 2019 eða fyrr. Óskað er eftir að yfirlitið sýni framangreinda þætti fyrir hvern ársfjórðung ársins.

Meðfylgjandi bréfi þessu er leiðbeinandi form sem eftirlitsnefndin sendi til sveitarfélaga með tölvupósti þann 4. júlí 2019. Formið er ekki bindandi útfærsla að svari vegna óska nefndarinnar og sett fram sem leiðbeinandi form.

Fjárfestingar - yfirlit 2019

Tímabil: jan - mars

Heiti verkefnis	Ferill Verks			Fjárhæmild		Stöðumat	Eftirfylgni				
	Frákvæmd - Breyting á tímabilinu	Staða verks lok tímabils	Upphafleg fjárhagsáætlun verks	Hlutfallsleg staða miðað við áætlun	Fjárhæmild - Breyting á tímabilinu		Fjárhæmild - Staða lok tímabils	Staða verks í hlutfalli við fjárhæmild	Stöðumat	Eftirfylgni	
Verkefni 1	200	1.200	1.800	67%	200	2.000	60%	40%	Verk	Fjárhæmild	Stöðumat
Verkefni 2	0	2.000	1.900	105%	0	2.000	100%	95%	ATH	ATH	ATH
Verkefni 3	0	5.000	4.000	125%	0	3.000	167%	80%	ATH	ATH	ATH
Samtals		8.200	7.700			7.000			ATH	ATH	

Ferill verks - mæling á framgangi verks miðað við upphaflega fjárhagsáætlun

Frákvæmd - Breyting á tímabilinu - Hver er fjárhæðin sem frákvæmt er fyrir á tímabilinu
 Staða verks lok tímabils - Hver er fjárhæðin sem búið er að bóka á verkið í lok tímabilsins
 Upphafleg fjárhagsáætlun verks - Hver var upphafleg fjárhæð í fjárhagsáætlun fyrir verkið í heild sinni
 Hlutfallsleg staða miðað við áætlun - Útreikningur á raunstöðu verksins í hlutfalli við upphaflega áætlun

Fjárhæmild - framgangur verks í samanburði við gildandi fjárhæmild

Fjárhæmild - Breyting á tímabilinu - Hér er færð fjárhæð viðauka sem gerðir eru á tímabilinu
 Fjárhæmild - Staða lok tímabils - Hér er fjárhæð fjárhæmildar við lok tímabilsins
 Staða verks í hlutfalli við fjárhæmild - Hér er útreikningur á fjárhæð verksins (staða) í hlutfalli við fjárhæmild í lok tímabilsins

Stöðumat - mat verkefnisstjóra á framgangi verksins miðað við framkvæmdastöðu þess

Hlutfallsleg verkstaða - Áætluð framkvæmdastaða - Hver er áætluð fjárhagsleg staða verksins miðað við verklaga stöðu þess - Þrátt fyrir að fjárhagsleg staða sýni t.d. að 90% af verkinu sé lokið, kann t.d. 80% mat á verklegri framkvæmd að leiða fram vanaáætlun

Eftirfylgni - sjálfvirkur samanburður sem gefur vísendingar um að ástæða sé til að skoða einstaka liði nánar

Verk - er ástæða til að skoða betur stöðu verksins gagnvart upphaflegri fjárhagsáætlun
 Fjárhæmild - er ástæða til að skoða gildandi fjárhæmild gagnvart núverandi stöðu verksins
 Stöðumat - er ástæða til að skoða fjárhæmild með tilliti til stöðumats